

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20.05.2020
Tilvísun vor: M-2020-156/00.11

Efni: Frumvarp á 150. þingi – lög um loftslagsmál, mál 718.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum (skuldbindingar og losunarheimildir), mál 718.

Landsvirkjun þakkar tækifæri til að skila inn umsögn um frumvarpið. Fyrirtækið styður meginefni þess. Samkomulag Íslands og Noregs við Evrópusambandið um loftslagsmál hafi reynst vel, vinna Evrópusambandsins (ESB) og stefnumörkun á þessu sviði er bæði öflug og góð og samstarf við ESB hefur styrkt og eflt vinnu hér á landi á sviði loftslagsmála. Landsvirkjun tekur því undir að brýnt sé að innleiða sem fyrst í íslenska löggjöf reglugerðir 2018/841 og 2018/842, tilskipun 2018/410 og aðrar gerðir sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 269/2019 felur í sér.

Þátttakta í viðskiptakerfi ESB hefur tryggt sambærileg rekstrarskilyrði fyrir stór iðnfyrirtæki sem nýta endurnýjanlega orkulindir landsins til að framleiða vörur sem hafa í för með sér umtalsverða losun gróðurhúsalofttegunda. Minnt er á að losun vegna raforkuvinnslu á Íslandi er einungis brot af þeirri losun sem á sér stað við raforkuframleiðslu í Evrópu. Nýting endurnýjanlegra orkulinda til framleiðslu á vörum sem þurfa mikla raforku styður því markmið Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Með aðild að viðskiptakerfinu getur Ísland einnig skilið á milli losunar vegna framleiðslu sem fellur undir viðskiptakerfið sem að lang stærstum hluta er vegna stóriðju og millilandaflugs og losunar vegna annarra starfsemi, svo sem vegsamgangna, landbúnaðar og fiskveiða. Þetta hefur gert umræðu hér á landi markvissari.

Í viðskiptakerfi ESB er lögð mikil áhersla á að koma í veg fyrir kolefnisleka. Það kemur skýrt fram í tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2018/410/ESB. Fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni munu á fjórða viðskiptatímabilinu fá áfram hluta af losunarheimildum án endurgjalds og er þá miðað við árangursviðmið (*benchmark*). Miðað er við meðal losun frá 10% framleiðslunnar þar sem losun á framleiðslueiningu er minnst. Þetta viðmið verður reiknað tvívegis vegna úthlutunar á tímabilinu. Þetta þýðir að yfir 90% fyrirtækjanna munu greiða fyrir hluta af heimildunum sem þau þurfa á að halda. Gera má ráð fyrir að verð á heimildum á markaði muni hækka mikið á tímabilinu þar sem heimildir sem til ráðstöfunar verða í kerfinu munu verða 43% færri árið 2030 en árið 2005. Fyrirtækin munu því hafa mikinn og vaxandi hvata til að draga úr losun.

Eftirfarandi eru atriði sem Landsvirkjun vill vekja athygli nefndarinnar á:

2. gr. Orðaskýringar

Í t.l. 1, *Binding kolefnis úr andrúmslofti*, er lagt til að binding verði ekki takmörkuð við *ljóstillífun*. Landsvirkjun vakti athygli á þessu í umsögn vegna 758. máls á 149. Löggjafarþinginu og fagnar þessari breytingu. Til bóta gæti verið að fella út úr skilgreiningunni „með tilteknum aðgerðum“ í lok skilgreiningarinnar. Mikilvægt er að



föngun kolefnis úr lofti eða útblæstri og nýting þess sem leiðir til minni losunar út í andrúmsloftið, t.d. með því að nýta kolefni í útblæstri til að framleiða eldsneyti, teljist til bindingar. Í þessu samhengi má þó benda á að síðar í lagatextanum, í b. lið 5. gr., er notað *upptaka gróðurhúsalofttegunda* og þá hvort betra sé að nota þá orðanotkun sem sett er fram í orðaskýringum.

Í tl. 6 er lagt til að *kolefnisjöfnun* verði skilgreind þannig: *Þegar aðili hlutast til um aðgerðir annars aðila til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti.* Landsvirkjun hvetur til þess að þessi skilgreining verði endurskoðuð og *kolefnisjöfnun* taki til allra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti hvort heldur aðili fer sjálfur í þær eða kaupir af öðrum aðila til að jafna út þá losun sem verður vegna viðkomandi starfsemi. Mikilvægt er að tekin sé afstaða til hvað sé kolefnisjöfnun og hvort krefjast eigi vottunar 3 aðila á slíku.

Í tl. 11, *Starfsstöð*: *Staðbundin tæknileg eining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem getið er í l. viðauka og öll önnur starfsemi sem gæti haft áhrif á losun og mengun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem fer fram á staðnum.* Ekki er skýrt hvort þessi skilgreining eigi bæði við starfsemi sem getið er í l. viðauka eða einnig aðra starfsemi sem hefur í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda.

Hvatt til að bætt verði inn skilgreiningu á hugtakinu *kolefnisverð* (*e. Carbon pricing*). Á alþjóðavettvangi er mikil áhersla lögð á að ríki, fyrirtæki o.fl. aðilar ákveði kolefnisverð sem þau beita við rekstur sinn. Landsvirkjun ákvað á árinu 2018 að nýta innra kolefnisverð við ákvarðanir varðandi fjárfestingar og rekstur fyrirtækisins. Það hefur gefist vel.

5. gr. Skuldbindingar í loftlagsmálum til 2030

Landsvirkjun fagnar því að til standi að gefa út reglugerðir þar sem settur verður fram rammi er varðar árlegan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og losun og bindingu vegna landnotkunar, breyttar landnotkunar og skógræktar. Skilgreina þarf nánar hvernig samdrætti skuli náð en einnig skil þeirra rekstraraðila sem ekki falla undir l. viðauka á upplýsingum í loftslagsmálum, en í dag vantar leiðbeiningareglur um bókhald og upplýsingagjöf. Samræming þessara þátta er mikilvæg til að ná fram trúverðugleika þeirra gagna sem sett eru fram í tengslum við kolefnisjöfnun. Landsvirkjun veltir því upp hvort í grein a) *Skuldbindingar vegna sameiginlegrar ábyrgðar* þurfi ekki einnig að tiltaka að reglugerðin taki á mikilvægi og leiðbeiningum er varðar bókhald og gagnaskil tengt loftslagsmálum. Jafnframt teljum við mikilvægt að skýrt sé hvaða hlutverk opinberar stofnanir eigi að hafa í að halda heildrænt utan um kolefnisbindingarverkefni hérlendis, óháð eigenda eða framkvæmdaraðila.

19. gr. Nýsköpunarsjóður

Í 3. mgr. eru ákvæði er varða nýsköpunarsjóð sem starfræktur er á evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt breytingu sem tilskipun 2018/410 felur í sér mun sjóðurinn m.a. styðja nýsköpun á sviði kolefnisföngunar og notkunar (*Carbon capture and utilisation*), kolefnisföngunar og geymslu í jarðlögum (*Carbon capture and geological storage*) sem og verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku og orkugeymslu. Sjóðurinn hefur burði til að gegna þýðingarmiklu hlutverki í þróun sem er forsenda þess að markmið Parísarsamningsins náist. Ætla má að verkefni sem íslensk fyrirtæki, háskólar o.fl. koma að, t.d. við að nýta kolefni sem losnar við jarðvarmavinnslu til eldsneytisframleiðslu eða binda það í jörðu (*CarbFix*), geti komið til greina við úthlutun úr sjóðnum. Sama gæti átt við um verkefni eins og djúpbörunarverkefnið (Iceland Deep Drilling Program).

Ennfremur er orkugeymsla svið sem er í mikilli þróun erlendis. Vaxandi hlutdeild breytilegra orkugjafa (*variable energy*), svo sem vind- og sólarorku í raforkubúskapnum kallar á að hægt sé að geyma raforku til að brúa stutt tímabil þegar vinda- og sólfar er óhagstætt. Þó staðan nú sé talsvert önnur hér á landi en á meginlandi Evrópu er mikilvægt að íslenskir aðilar fylgjast með og taka þátt í verkefnum á sviði orkugeymslu. Bæði mun þörf fyrir orkugeymslu aukast ef áform um nýtingu vindorkunnar ganga eftir en jafnframt kunna



með lækkandi kostnaði við orkugeymslu að felast tækifæri til að tryggja þýðingarmiklum innviðum rafmagn án þess að setja upp varastöðvar sem knúnar eru með jarðefnaeldsneyti. Mikilvægt er að íslenskir aðilar hafi tækifæri til að sækja um styrki til sjóðsins og sé hvattir til að taka þátt í verkefnum með öðrum aðilum á evrópska efnahagssvæðinu.

Landsvirkjun bendir þó á að ríkið á sjóð sem heitir Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, sbr. lög nr. 61/1997. Það gæti leitt til ruglings að notað heitið nýsköpunarsjóður líka á þennan sjóð.

Að lokun vill Landsvirkjun ítreka stuðning við meginefni frumvarpsins og er fyrirtækið að sjálfsögðu reiðubúið til að mæta á fund nefndarinnar og veita upplýsingar verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Jón Ingimarsson
sérfræðingur